

**Sp. 574. Tillaga til þingsályktunar [176. mál]**

um undirbúning að byggingum fyrir rannsóknastarfsemi.

Flm.: Jón Skaftason, Hermann Jónasson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta hraða undirbúningi að byggingum fyrir rannsóknastarfsemina í landinu á grundvelli þeirrar frumáætlunar, sem nú er unnið að, um skipulagningu rannsóknahverfis á Keldnaholti í Reykjavík. Kostnaður við þennan undirbúning greiðist úr ríkissjóði.

**Greinargerð.**

Í frumvarpi því, sem ríkisstjórnin hefur lagt fyrir þetta Alþingi um breytingar á lögum Áburðarverksmiðjunnar h/f, er gert ráð fyrir því, að sjóðir áburðareinkasölnunnar renni til byggingar fyrir jarðvegsrannsóknir landbúnaðardeildar atvinnudeildar háskólans. Nú þykir sýnt, að frumvarp þetta muni ekki ná fram að ganga á þessu þingi, en aftur á móti er almennt viðurkennd nauðsyn þess, að starfsskilyrði jarðvegsrannsókna og reyndar rannsóknastarfseminnar allrar séu bætt sem allra fyrst.

Reykjavíkurbær mun hafa úthlutað rannsóknaráði ríkisins og raforkumála-skrifstofunni um 48 ha. lands á Keldnaholti fyrir rannsóknastarfsemi. Í nokkur ár hefur verið reynt að fá fjármagn til bygginga þar, en ekki tekizt. Með framkomu fyrrnefnds frumvarps ríkisstjórnarinnar þótti sýnt, að nokkuð mundi úr þessu rættast, og var þá þegar hafið að skipuleggja svæðið af kappi og undirbúa teikningu bygginga. Nú er aftur viðbúið, að þessi undirbúningsvinna stöðvist að nýju, þar sem litlir eða engir peningar hafa fengizt til þess að standa straum af eðlilegum kostnaði.

Það er staðreynd, að við Íslendingar höfum aukið lítið sem ekkert framlag okkar til rannsóknastarfseminnar, á sama tíma og aðrar þjóðir hafa margfaldað það fjármagn, sem þær verja í þessu skyni. Þjóðirnar eiga ekki nema um tvennt að velja. Annaðhvort verða þær að kappkosta að fylgjast eftir megni með þeirri öru tækniþróun, sem á sér stað í heiminum, eða þær eiga á hættu að dragast stórlega aftur úr í samkeppni þjóðanna um lífsgæðin. Því er nauðsynlegt, að stefnubreyting verði í þessum málum hér á landi. Eitt hið fyrsta, sem þarf að gera, er að bæta starfsskilyrði rannsóknastarfseminnar.

Af brýnni nauðsyn, m. a. vegna þess, að fyrrnefnt frumvarp ríkisstjórnarinnar fær ekki afgreiðslu á þessu þingi, er þessi þingsályktunartillaga borin fram á síðustu stundu, og er þess vænt, að hún fái skjóta afgreiðslu.